

AUGLÝSING

um deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju, Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju á fundi sínum þann 16. janúar 2020.

Skipulagssvæðið er um 1,4 ha svæði umhverfis Þórshafnarkirkju við Sunnuveg á Þórshöfn. Land er að mestu raskað framræst land, skurðir og mói. Tilgangur skipulagsins er að skapa umgjörð fyrir trúariðkun og setja skilmála um framtíðar uppbyggingu kirkjugarðs við Þórshafnarkirkju. Viðfangsefni er m.a. skilgreining grafreita, gönguleiða, byggingarreita, aðkomu og bílastæða. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti með greinargerð dags. 17. september 2019 (með breytingu 29. nóvember 2019).

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þórshöfn, 19. mars 2020.

Jónas Egilsson staðgengill sveitarstjóra.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2020